

61. fundur stjórnar Skálholts,  
haldinn í Biskupsstofu fimmtudaginn 3. febrúar 2011 kl. 13:00.

Mætt voru: Herra Karl Sigurbjörnsson, formaður, Jóhann E. Björnsson og sr. Kristján Björnsson, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 59. og 60. fundar stjórnarinnar samþykkt.
2. Erindi frá rektor dr. Kristini Ólasyni þar sem hann óskar eftir leyfi frá störfum að ljúka frágangi og útgáfu doktorsritgerðar. Samþykkt var að veita honum leyfi til þessa verkefnis í allt að átta vikur, frá 1. febrúar 2011. Samþykkt var tillaga biskups að sr. Halldór Reynisson sinni störfum rektors á þessum tíma ásamt störfum sínum á biskupsstofu.
3. Samþykkt að veita rektor, dr. Kristni Ólasyni, styk vegna ferðar á ráðstefnur í Þýskalandi og í Osló á árinu 2010, samtals að upphæð kr. 200 þúsund.
4. Biskup greindi frá því að Vilhjálmur Bjarnason, sem skipaður var af kirkjuráði til að annast úttekt á rekstri staðarins, mun skila niðurstöðum sínum á fundi kirkjuráðs 9. febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir,  
Kristján Björnsson